

**223. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,**

**fimmtudaginn, 6. september 2018 kl. 15.00**

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Þröstur Friðfinnsson, Katrín Sigurjónsdóttir og Valtýr Hreiðarsson

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð)

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð stjórnarmenn velkomna.

**1. Undirritun fundargerðar nr. 222**

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda

**2. Staða ályktunar um sameiningu eða aukna samvinnu Afe og Eyþings**

Stjórnarformaður og varaformaður Afe áttu fund með stjórnarformanni og varaformanni Eyþings. Fundurinn gekk vel og var niðurstaða hans að stjórnarformaður Afe sendi formlegt erindi til stjórnar Eyþings um málið. (Sjá sbr. 3. lið)

**3. Eyþing**

Í 4. lið fundargerðar Eyþings frá 28. ágúst sl. kemur eftirfarandi fram:

Bréf frá stjórn Afe, dags. 15. ágúst, með ósk um formlegar viðræður um samrekstur Eyþings og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar.

Stjórn Eyþings vísar bréfinu til umræðu á samráðsfundi (fulltrúaráðsfundi) 7. september og á aðalfundi 21. og 22. september.

**4. Kynning á rekstraráætlun 2018**

Framkvæmdastjóri fór yfir og kynnti rekstraráætlun félagsins á yfirstandandi ári sem samþykkt var af síðustu stjórn. Fram kom að reksturinn er á áætlun.

**5. Staða helstu verkefna**

Framkvæmdastjóri fór yfir nokkur verkefni m.a. raflínumál, tæknimál Akureyrarflugvallar, Dysnesmál, laxeldismál við Eyjafjörð, Credit Info fyrirtækjalisti, innviðagreining, ný heimasíða, heimsókn færeystra fyrirtækja til Akureyrar ofl.

**6. Önnur mál**

Umræður um sviðsmyndakönnun fyrir Eyjafjörð eða hugsanlega Eyþingssvæðið allt. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Fleira ekki fært til bókar.

**Fundi slitið kl. 16:40**

Dagbjört Pálsdóttir  
Þröstur Friðfinnsson  
Katrín Sigurjónsdóttir

Sigmundur Einar Ófeigsson